

Mánudaginn 27. apríl 1936.

Nr. 81/1935. Halldór J. Jónsson og Þorbergur Sveinsson (Th. B. Lindal)

gegn

Stefáni Jónssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Skuldamál. Krafa um ómerkingu vegna þess, að ekki hafi verið stefnt fyrir rétt varnarþing, ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 22. júlí 1935: Hinir stefndu, Halldór J. Jónsson, fyrrv. kaupmaður og Þorbergur Sveinsson útgerðarmaður, báðir til heimilis á Akranesi greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnandanum, Magnúsi Thorlacius f. h. Stefáns Jónssonar, kr. 4750.00 — fjögur þúsund sjö hundruð og fimmtíu kr. — með 6% ársvöxtum frá 23. jan. 1935 og til greiðsludags og kr. 499.00 — fjögur hundruð níutíu og níu — kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 28. ágúst f. á. og krafizt þess, aðallega, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá gestarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Til vara krefjast áfrýjendur þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að kr. 170.00 verði niður felldar af málskostnaði þeim, sem þeir hafa verið dæmdir til að greiða. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Máli þessu er þannig farið, að með skuldabréfi, útgefnu hinn 4. nóvember 1932, viðurkenndu áfrýjendur að vera orðnir skuldugir Stefáni Jónssyni, kaupmanni í Reykjavík, stefnda hér fyrir réttinum, um kr. 7600.00. Var svo ákveðið í skuldabréfinu, að skuldin skyldi greiðast með kr. 400.00 þann síðasta dag hvers mánaðar, þannig, að fyrsta greiðsla færi fram hinn 31. desember 1932, en hin síðasta 30. júní 1934, og átti skuldinni þá að vera að fullu lokið. Þar var og ennfremur sagt, að ef skuldunautar stæðu ekki í skilum á réttum gjalddögum, þá væri skuldin öll þegar fallin í gjalddaga. Vextir skyldu ekki greiðast af skuldinni, meðan staðið væri í skilum, en ef vanskil yrðu, var skuldunautum gert að greiða 6% vexti af allri skuldinni frá útgáfudegi skuldabréfsins til greiðsludags. Loks segir í skuldabréfinu, að mál, sem rísa kynni út af því, skuli rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur án tillits til varnarþings aðilja.

Með því að veruleg vanskil urðu á greiðslum samkvæmt skuldabréfinu, höfðaði stefndi mál þetta fyrir gestarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 9. júlí f. á., til innheimtu eftirstöðva skuldarinnar, kr. 4750.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1935 til greiðsludags. Var málið dæmt í nefndum rétti 22. júlí s. á. með þeim úrslitum, sem í hinum áfrýjaða dómi segir.

Til stuðnings ómerkingar- og frávísunarkröfu sinni hafa áfrýjendur fært það, að mál þetta hafi ranglega verið höfðað á heimilisvarnarþingi þeirra. Skírskota þeir í því efni til áðurgreinds varnarþingsákvæðis skuldabréfsins, en ákvæði þetta kveða þeir ekki síður sett þeim til hagsbóta en stefnda, þar eð rekstur málsins á heimilisvarnarþingi þeirra

hafi aukinn kostnað í för með sér, svo sem ferðakostnað dómara og málflutningsmanns, auk annars óhagræðis fyrir þá.

Það verður eftir málfærslunni að teljast upplýst í málinu, að téð skuldabréf hefir verið gert fyrir atbeina stefnda til ákvörðunar um skuld út af sölu á vörubirgðum. Var skuldabréfið samið af nafngreindum manni, sem stefndi hafði sér til aðstoðar við reikningsskil aðiljanna, og verður ekki séð, að áfrýjendur hafi þá lagt nokkra áherzlu á varnarþingsákvæðið eða hreyft nokkru um það atriði. Að þessu athuguðu þykir ekki vera ástæða til að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

Eins og segir í gestaréttardóminum, nemur málskostnaðarreikningur málflutningsmanns þess, sem flutti málið fyrir stefnda í héraði, kr. 499.00. Tveir liðir reikningsins varða ferð málflutningsmannsins til Akraness, sem sé kr. 70.00, ferðakostnaður, og kr. 100.00 dagpeningar í tvo daga samkvæmt lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands. Þessa tvo kröfuliði telja áfrýjendur sér óskýlt að greiða. Byggja þeir varakröfu sína á þessu og færa þau rök fyrir henni, að ferðalag málflutningsmannsins hafi ekki verið nauðsynlegt málsins vegna. Það verður nú ekki fallizt á það, að ástæður séu fyrir hendi til að sýkna áfrýjendur að öllu af að greiða kröfuliði þessa, en með hliðsjón af því, að hér var um stutt ferðalag að ræða, sem ekki þurfti að taka langan tíma eða vera kostnaðarsamt, þykir málskostnaður í undirrétti hæfilega ákveðinn kr. 425.00.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Halldór J. Jónsson og Þorbergur Sveinsson, greiði in solidum stefnda, Stefáni Jónssyni, kr. 4750.00 með 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1935 til greiðsludags. Svo greiði þeir og stefnda in solidum kr. 425.00 í málskostnað fyrir undirrétti og kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað með stefnu útgefinni 9. þ. m. og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða sér fyrir hönd Stefáns Jónssonar eftirstöðvar skuldabréfs upphaflega kr. 7600.00 dags. 4. nóv. 1932, en nú að eftirstöðvum kr. 4750.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1935 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir texta Málflytjendafélags Íslands kr. 499.00 samkv. reikningi.

Með því að hinir stefndu hafa hvorki mætt né mæta látið í málinu, enda þótt stefnan sé þeim löglega birt, ber að leggja dóm á málið samkvæmt hinum framlögðu skjölum og taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, eins og þeim er að framan lýst.
